

ÍSLANDSSJÓÐIR HF.

IS EIGNASAFN HS.  
VERÐBRÉFASJÓÐUR

Útboðslýsing

## EFNISYFIRLIT

Tilkynning til fjárfesta .....	3
Upplýsingar um sjóðinn .....	4
Heiti, stofndagur, deildaskipting .....	4
Reglulegar skýrslur og reglur .....	4
Skattareglur.....	4
Birthingartími ársreiknings og árshlutareiknings.....	4
Helstu einkenni hlutdeildarskírteina .....	4
Ráðstöfun tekna.....	4
Innlausnarréttur og lausafjárstýring .....	4
Virði hlutdeildarskírteina.....	5
Reglur um verðmat eigna.....	5
Tilhögun viðskipta með hlutdeildarskírteini.....	5
Þóknunir við kaup á hlutdeildarskírteinum .....	6
Umsjónarlaun til rekstrarfélags, þóknun vörsluaðila og annar kostnaður .....	6
Íslandssjóðir hf.....	6
Starfskjarastefna Íslandssjóða - samantekt.....	7
Útvistuð verkefni .....	7
Forsvarsmenn Íslandssjóða .....	8
Endurskoðendur Íslandssjóða og sjóðsins .....	8
Vörsluaðili .....	8
SFDR flokkun og samþætting sjálfbærniáhættu í fjárfestingarákvörðunartökufæri .....	9
Áhætta.....	9
Almenn áhætta tengd sjóðnum .....	9
Áhættuþættir sem hafa áhrif á verðmæti eignarhlutar í sjóðnum .....	10
árangur Sjóðsins og aðrar upplýsingar .....	12
Fyrri árangur sjóðsins .....	12
Fyrir hvern er sjóðurinn? .....	12
Stefna um framkvæmd viðskiptafyrirmæla .....	12
Reglur fyrir IS Eignasafn hs. ....	13
I. kafli: Heiti, tegund, deildaskipting og hlutverk .....	13
II. kafli: Rekstrarfélag .....	13
III. kafli: Markmið, fjárfestingarstefna og fjárfestingaraðferð.....	13
IV. kafli: Vörsluaðili.....	15
V. kafli: Þóknun rekstraraðila .....	15
VI. kafli: Heimild til markaðssetningar sjóðsins .....	15
VII. kafli: Ráðstöfun tekna, útgáfa, innlausnarvirði og innlausn .....	15
VIII. kafli: Samruni, slit, breyting á reglum .....	16

## TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Fjárfesting í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóðsins **IS Eignasafns hs.** (hér eftir „IS Eignasafn“ eða „sjóðurinn“) er á ábyrgð hvers fjárfestis fyrir sig. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér efni útboðslýsingarinnar af kostgæfni, sem og fylgiskjöl hennar. Fjárfestar verða fyrst og fremst að treysta eigin dómgreind vegna fjárfestinga í hlutdeildarskírteinum sjóðsins með tilliti til væntinga um ávöxtun, eigin aðstæðna, ytri aðstæðna og áhættu sem í fjárfestingunni felst. Minnt er á að kaup á hlutdeildarskírteinum eru í eðli sínu áhættufjárfesting sem byggir á væntingum en ekki loforðum. Fjárfestum er því sérstaklega bent á að kynna sér vel umfjöllun um áhættu sem er að finna í útboðslýsingunni.

Útboðslýsinguna skal á engan hátt skoða sem loforð til fjárfesta um árangur í rekstri eða um ávöxtun fjármuna af hálfu Íslandssjóða hf. eða annarra.

Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum og verðbréfafyrirtækjum, við mat á hlutdeildarskírteinum sjóðsins sem fjárfestingarkosti.

Fjárfestum er bent á að kynna sér lagalega stöðu sína, þar á meðal skattaleg atriði sem kunna að eiga við um viðskipti þeirra með hlutdeildarskírteini sjóðsins.

Útboðslýsing þessi er unnin í samræmi við lög nr. 116/2021 um verðbréfasjóði, reglugerð nr. 970/2021 um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða og upplýsingagjöf. Einnig er tekið tillit til laga nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. Útboðslýsingin er uppfærð a.m.k. einu sinni á ári.

Stjórn og framkvæmdastjóri Íslandssjóða, kt. 690694-2719, Hagasmára 3, 201 Kópavogi, lýsir því hér með yfir að útboðslýsing þessi er eftir bestu vitund rétt og í fullu samræmi við staðreyndir og að í hana vanti engin mikilvæg atriði er áhrif geti haft á mat á hlutdeildarskírteinum sjóðsins.

Kópavogur, 8. apríl 2025.

Kjartan Smári Höskuldsson, framkvæmdastjóri.

Stjórn Íslandssjóða hf.

Jensína Kristín Böðvarsdóttir

Kristján Björgvinsson

Sigurður B. Stefánsson

Sylvía Kristín Ólafsdóttir

## UPPLÝSINGAR UM SJÓÐINN

### Heiti, stofndagur, deildaskipting

Sjóðurinn er verðbréfasjóður og heitir **IS Eignasafn hs.**, kt. 420609-9730. Sjóðurinn er rekinn í formi hlutdeildarsjóðs og var stofnaður í maí 2009 og starfar í einni sjóðsdeild.

### Reglulegar skýrslur og reglur

Útboðslýsingin, lykilupplýsingaskjal, upplýsingablað, árs- og árshlutareikningar eru aðgengileg á vef Íslandssjóða, [www.islandssjodir.is](http://www.islandssjodir.is), og liggja jafnframt frammi á skrifstofu Íslandssjóða, Hagasmára 3, 201 Kópavogi. Reglur sjóðsins er að finna í þessari útboðslýsingu.

### Skattareglur

Um skattlagningu hagnaðar af hlutdeildarskírteinum gilda lög um tekjuskatt nr. 90/2003, lög um fjármagnstekjuskatt nr. 94/1996 ásamt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987. Íslandsbanki hf., vörsluaðili Íslandssjóða, sér um að standa skil á fjármagnstekjuskatti skv. 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Hann reiknast þegar hlutdeildarskírteini eru seld með hagnaði eða þegar tekjur eru greiddar af hlutdeildarskírteinum. Frekari skattlagning getur þó komið til. Vakin skal athygli á því að skattameðferðin ræðst af aðstæðum hvers viðskiptavinar fyrir sig og getur tekið breytingum í framtíðinni. Um erlenda aðila gilda reglur þess ríkis sem viðkomandi hefur skattalegt heimilisfesti í. Fjárfestum er ráðlagt að leita sér ráðgjafar og/eða upplýsinga um skattaleg áhrif þess að fjárfesta í sjóðum.

### Birtingartími ársreiknings og árshlutareiknings

Upplýsingar um sjóðinn birtast í ársreikningi og árshlutareikningi Íslandssjóða. Reikningsár er almanaksárið og skal ársreikningur birtur fyrir lok mars hvert ár og árshlutareikningur fyrir lok ágúst ár hvert.

### Helstu einkenni hlutdeildarskírteina

Hlutdeildarskírteinishafar eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins í hlutfalli við hlutdeild sína og eru hlutdeildarskírteinin staðfesting á tilkalli til eignarhlutdeildar, sbr. 39. gr. laga nr. 116/2021. Íslandssjóðir gefa út skilríki fyrir eignarréttindum í sjóðnum í formi hlutdeildarskírteina, óski eigandi eftir því. En óski eigandi ekki eftir útgáfu hlutdeildarskírteina fær hann í hendur skriflega kvittun fyrir eignarhlutdeild sinni í sjóðnum þar sem fram kemur kaupverð í íslenskum krónum, fjöldi hluta í sjóðnum og gengi á keyptum hlutum. Einingum í sjóðnum fylgir ekki atkvæðisréttur. Hlutdeildarskírteinishafar bera ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins. Verðgildi einnar einingar í sjóðnum var kr. 1.000 við stofnun. Verðgildi einnar einingar breytist síðan í takt við ávöxtun. Um við hverjar aðstæður megi ákveða að slíta sjóðnum og hvernig að því skuli staðið vísast til 12. gr. í reglum sjóðsins.

### Ráðstöfun tekna

Sjóðurinn er vaxtarsjóður, þ.e. vextir, vaxtavextir, arður og aðrar tekjur leggjast við höfuðstól. Ekki er greiddur arður af eignarhlutdeild í sjóðnum.

### Innlausnarréttur og lausafjárstýring

Íslandssjóðum er skylt að innleysa hlutdeildarskírteini að öllu leyti (full innlausn) eða að hluta (hlutainnlausn), óski eigandi þess, á birtu innlausnarvirði (gengi) í sjóðnum, sjá nánar í kafla um tilhögun viðskipta hlutdeildarskírteina hér að neðan. Nær innlausnarskyldan til allra hlutdeildarskírteina í sjóðnum óháð því hvenær þau hafa verið gefin út. Eigandi hlutdeildarskírteinis getur krafist innlausnar hvenær sem hann óskar þess. Þó er heimilt að fresta innlausn hlutdeildarskírteina mæli sérstakar ástæður með því og sameiginlegir hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjist þess. Frestun gæti til dæmis komið til vegna tímabundinnar lokunar kauphallar þar sem verulegur hluti eigna sjóðs er skráður þannig að ekki reynist unnt að staðreyna innlausnarvirði hlutdeildarskírteina.

Einnig gæti sjóður staðið frammi fyrir svo miklum kröfum um innlaun að ekki væri unnt að mæta þeim nema með sölu eigna á lengri tíma. Frestun skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina. Frestun skal ekki vara lengur en nauðsyn krefur og skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu og hlutdeildarskírteinishöfum og tekur gildi við sendingu tilkynningar. Jafnframt skal frestun auglýst á vef Íslandssjóða.

Lausafjárstýring sjóðsins er undir eftirliti áhættustýringar Íslandssjóða. Sjóðstjórum ber að tryggja að það sé nægt laust fé og auðseljanlegar eignir á hverjum tíma til að geta staðið við innlausnir. Sjóðnum er heimilt að binda eignir sínar í innlánnum eða öðrum auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstýringar.

### Virði hlutdeildarskírteina

Innra virði sjóðsins er markaðsvirði samanlagðra eigna sjóðsins að frádregnum sameiginlegum skuldum sjóðsins, svo sem við lánastofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum. Virði (gengi) hlutdeildarskírteina er innra virði sjóðsins deilt niður á heildarfjölda hlutdeildarskírteina.

Virði hlutdeildarskírteina sjóðsins er reiknað daglega á virkum dögum og birtist daglega á vef Íslandssjóða, [www.islandssjodir.is](http://www.islandssjodir.is) og á vef Íslandsbanka, [www.islandsbanki.is](http://www.islandsbanki.is).

### Reglur um verðmat eigna

Mat á eignum sjóðsins fer eftir 21. gr. laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna. Mat á eignum sjóðsins skal á hverjum tíma endurspeglar raunverulegt virði þeirra að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Fjármálagerningar sem skráðir eru eða teknir til viðskipta á skipulegum markaði skulu metnir samkvæmt dagslokagengi viðkomandi skipulegs markaðar. Virði annarra fjármálagerninga er háð mati Íslandssjóða, undir eftirliti vörsluaðila og endurskoðanda, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni. Íslandssjóðir skulu halda skrá yfir mat eigna á hverjum tíma þar sem fram koma forsendur við mat á eignum. Starfrækt er verðmatsnefnd innan Íslandssjóða.

### Tilhögun viðskipta með hlutdeildarskírteini

Hlutdeildarskírteini sjóðsins er hægt að kaupa og innleysa hjá Íslandsbanka, Hagasmára 3, 201 Kópavogi, eða í útibúum Íslandsbanka á almennum opnunartíma, frá klukkan 9 til 16 virka daga. Einnig er hægt að eiga viðskipti og leggja fram pantanir í Netbanka Íslandsbanka [www.islandsbanki.is](http://www.islandsbanki.is) eða í smáforriti Íslandsbanka (e. app). Hlutdeildarskírteini eru einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs.

Pantanir sem berast fyrir viðmiðunartíma viðskipta, þ.e. kl. 15:00, eru afgreiddar að tveimur virkum dögum liðnum (T+2). Pantanir sem berast eftir viðmiðunartíma viðskipta afgreiðast að þremur virkum dögum liðnum. Sjóðnum er þó heimilt að afgreiða slíkar pantanir fyrr ef um mistök eða villu í kerfum er að ræða, að því skilyrði uppfylltu að afgreiðslan skaði ekki hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa sjóðsins.

Við kaup á hlutum í sjóðnum er gefin út bráðabirgðakvittun sem einungis tilgreinir þá fjárhæð sem keypt er fyrir, enda er virði (gengi) hlutdeildarskírteina ekki þekkt fyrr en deginum eftir að kaupin áttu sér stað, sama á við þegar selt er í sjóðnum.

Sjóðurinn býður ekki upp á útgáfu hlutdeildarskírteina í formi rafbréfa og hlutdeildarskírteini eru ekki skráð á skipulegum markaði.

Lágmarksfjárhæð viðskipta er 10.000 kr. og 5.000 kr. í áskrift.

## **Póknanir við kaup á hlutdeildarskírteinum**

Póknun vegna viðskipta með hlutdeildarskírteini sjóðsins hjá Íslandsbanka, sölu- og dreifingaraðila sjóðsins, fer eftir verðskrá Íslandsbanka hverju sinni. Við kaup á hlutdeildarskírteinum greiðist upphafsgjald. Hámarkshlutfall upphafsgjalds er 1,5% og rennur það að fullu til söluaðila sjóðsins. Sjóðurinn greiðir ekkert upphafsgjald vegna viðskipta með aðra sjóði Íslandssjóða.

Söluaðila sjóðsins er heimilt að innheimta afgreiðslugjald sem rennur að fullu til söluaðila sjóðsins. Afgreiðslugjald skv. vaxta- og verðskrá Íslandsbanka er 1.000 kr. við útgáfu þessarar lýsingar.

## **Umsjónarlaun til rekstrarfélags, póknun vörsluaðila og annar kostnaður**

Fyrir rekstur sjóðsins greiðir sjóðurinn Íslandssjóðum umsjónarlaun sem eru ákveðinn hundraðshluti af eignum. Í rekstri sjóðsins felast m.a. eignastýring sjóðsins, áhættustýring, umsýsla, þ.e. bókhald og lögfræðipjónusta, mat á verðmæti eigna, innra eftirlit, viðhald skrár yfir eigendur hlutdeildarskírteina, útgáfa og innlausn hlutdeildarskírteina, þjónusta við eigendur o.fl. Hlutfall umsjónarlauna miðast við heilt ár, en umsjónarlaun eru reiknuð daglega af meðalstöðu eigna inn í gengi sjóðsins. Umsjónarlaun eru 0,5%. Umsjónarlaun eru innheimt mánaðarlega.

Íslandssjóðum er heimilt að gera skriflega samninga sem veita tilteknum lögaðilum sem fjárfesta í sjóðnum, s.s. líffeyrissjóðum og umsjónaraðilum séreignasparnaðar, afslátt af umsjónarlaunum sjóðsins.

Beinn útlagður kostnaður vegna reksturs sjóðsins er ekki innifalinn í umsjónarlaunum og sama á við um kostnað vegna Fjármálaeftirlitsins. Íslandssjóðir geta krafði sjóðinn um endurgreiðslu kostnaðar svo sem vegna fjármálakerfa, annarra en eignastýringarkerfis, áskriftar að verðbréfavísitölum, hugbúnaðar, endurskoðunar, aðkeyptrar lögfræðipjónustu, kostnaðar við prentun útboðslýsinga, ársreikninga o.fl. Kostnaðurinn er reiknaður inn í gengi sjóðsins. Nýjustu upplýsingar um viðvarandi gjöld er að finna í lykilupplýsingaskjali sjóðsins.

Íslandssjóðir hafa, í samræmi við ákvæði 22. gr. laga nr. 116/2021, samið við Íslandsbanka um sölu hlutdeildarskírteina og þjónustu við viðskiptavini. Einnig hafa Íslandssjóðir, í samræmi við ákvæði VI. kafla laga nr. 116/2021, samið við Íslandsbanka um að vera vörsluaðili sjóðsins. Hlutverk vörsluaðila er m.a. að varðveita fjármálagerninga sjóðsins. Fyrir þjónustuna greiða Íslandssjóðir póknun.

Fyrir vörslu eigna sjóðsins skal sjóðurinn jafnframt greiða vörslugjöld til vörsluaðila skv. vaxta- og verðskrá Íslandsbanka en sjóðurinn hefur samið um 25% afslátt af innlendri verðbréfaeign og er póknunin við útgáfu þessarar lýsingar 0,03375%. Vörslugjöld eru reiknuð daglega inn í gengi sjóðsins. Ekki eru tekin vörslugjöld af innlánum eða lausu fé sjóðsins.

Í samræmi við 6. mgr. 58. gr. laga nr. 116/2021 ber sjóði sem fjárfestir verulegan hluta eigna sinna í öðrum verðbréfasjóðum og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu að tilgreina hámarksstjórnunarkostnað sem verðbréfasjóðurinn sjálfur og hinir sjóðirnir skuli bera. Umsjónarlaun IS Eignasafns eru 0,5% á ári. Sjóðurinn í öðrum verðbréfasjóðum eða öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu skal hámarksstjórnunarkostnaður sem þeir bera vera 2,5% á ári af meðaltali verðmætis hreinnar eignar þeirra. Sjóðurinn greiðir ekkert upphafsgjald vegna viðskipta með aðra sjóði Íslandssjóða.

Annar kostnaður sem getur komið til er viðskiptakostnaður, miðlunarpóknanir og vextir. Sjóðurinn greiðir slíkan kostnað þegar hann fellur til. Kostnaðurinn er reiknaður inn í gengi sjóðsins.

## **ÍSLANDSSJÓÐIR HF.**

Íslandssjóðir, kt. 690694-2719, Hagasmára 3, 201 Kópavogi, eru með starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt lögum nr. 116/2021 og sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða samkvæmt lögum nr. 45/2020. Félagið er jafnframt með starfsleyfi fyrir eignastýringu og fjárfestingarráðgjöf.

Íslandssjóðir, voru upprunalega stofnaðir árið 1994 (Rekstrarfélag VÍB hf.), vegna rekstrar á Verðbréfasjóðum Íslandsbanka. Félagið sér um daglegan rekstur sjóðsins, sbr. 35. gr. laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði. Auk þess sér það um daglegan rekstur sjóðanna IS Lausafjár safn, IS Veltusafn, IS Ríkisskuldabréf stutt, IS Ríkisskuldabréf meðallöng, IS Ríkisskuldabréf löng, IS Skuldabréfasafn, IS Ríkisskuldabréf óverðtryggð, IS Sértryggð skuldabréf, IS Sértryggð skuldabréf VTR, IS Græn skuldabréf, IS Vaxtastefna, IS Hlutabréfasjóður, IS Úrvalsvisitölusjóður, IS EQUUS Hlutabréf, IS Heimssafn, IS Eignasafn - ríki og sjóðir og IS Einkasöfn. Einnig reka Íslandssjóðir sérhæfða sjóði sem eingöngu má markaðssetja til fagfjárfesta. Hlutfé félagsins er 25 milljónir króna og hefur það allt verið greitt.

Um eiginfjárgrunn Íslandssjóða gilda ákvæði 12. gr. laga nr. 116/2021, um verðbréfasjóði og 15. gr. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Auk þess er félagið með til staðar tilskilið eiginfjárgrunnsálag sem nær yfir áhættuna af tjóni vegna mögulegrar ábyrgðar. Endurskoðendur og Fjármálaeftirlitið hefur reglubundið eftirlit með að eiginfjárgrunnur uppfylli skilyrði laga. Eiginfjárlutfall félagsins er birt í árs- og hálfársreikningi hverju sinni.

### Starfskjarastefna Íslandssjóða - samantekt

Íslandssjóðir hafa sett sér starfskjarastefnu sem miðar að því að tryggja að starfskjör starfsmanna samræmist og stuðli að traustri og skilvirkri áhættustýringu og hvetji ekki til áhættusækni sem er í ósamræmi við áhættusnið eða reglur þeirra sjóða sem Íslandssjóðir reka eða dragi úr möguleikum félagsins til að starfa með hagsmuni sjóða sem það rekur að leiðarljósi sem og hagsmuni eignasafna í stýringu félagsins. Áhætta tengd sjálfbærni er ekki undanskilin í því sambandi. Jafnframt að starfskjör starfsmanna samræmist viðskiptaáætlun, markmiðum, gildum og hagsmunum Íslandssjóða og sjóða sem félagið rekur og fjárfesta í þeim sjóðum og leiði ekki til hagsmunaárekstra. Íslandssjóðir leggja áherslu á að starfskjör stjórnenda og annarra starfsmanna séu samkeppnishæf en hófleg og ekki leiðandi. Við ákvörðun um starfskjör skal fyrst og fremst horft til viðeigandi starfsreynslu, ábyrgðar samkvæmt starfslýsingu og árangurs. Gætt skal að viðurkenndum jafnréttissjónarmiðum. Samkvæmt stefnunni skal stjórnarmönnum greidd föst mánaðarleg þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar félagsins. Starfskjör framkvæmdastjóra skulu vera samkeppnishæf en hófleg og ekki leiðandi og ekki skal gera samning við framkvæmdastjóra sem felur í sér starfslokagreiðslur, umfram ákvæði ráðningarsamnings, kjarasamninga og skyldur samkvæmt lögum. Samningsbundinn uppsagnarfrestur framkvæmdastjóra skal ekki vera lengri en sex til tólf mánuðir. Íslandssjóðir skulu ekki gera samninga um kaupauka, þ.e. starfskjör sem eru skilgreind með árangri og eru ekki þáttur í föstum starfskjörum, þar sem endanleg fjárhæð liggur ekki fyrir með nákvæmum hætti fyrirfram. Ef stjórn félagsins hyggst taka upp kaupaukakerfi þarf áður að fá samþykki hluthafafundar. Ekki er til staðar kaupaukakerfi hjá Íslandssjóðum. Greint skal frá kjörum stjórnarmanna og framkvæmdastjóra í ársreikningi Íslandssjóða. Hjá Íslandssjóðum starfar starfskjaranefnd sem er skipuð a.m.k. tveimur mönnum. Hlutverk starfskjaranefndar er m.a. að vera leiðbeinandi fyrir stjórn og framkvæmdastjóra um starfskjör félagsins. Upplýsingar um nýjustu starfskjarastefnu Íslandssjóða og samsetningu starfskjaranefndar eru aðgengilegar á vef félagsins: [www.islandssjodir.is/um-islandssjodi/stjorn-og-undirnefndir/](http://www.islandssjodir.is/um-islandssjodi/stjorn-og-undirnefndir/). Afrit af starfskjarastefnunni á pappír er aðgengileg fjárfestum án endurgjalds samkvæmt beiðni.

### Útvistuð verkefni

Á grundvelli 22. gr. laga um verðbréfasjóði nr. 116/2021 hafa Íslandssjóðir gert útvistunarsamning við Íslandsbanka um afmörkuð verkefni fyrir félagið, en nánar tiltekið er um að ræða verkefni skv. a., b., d., e., f., g., h., og i. lið 3. tl. og 4. tl. 2. mgr. 5. gr. laganna. Íslandsbanki sér m.a. um markaðssetningu, útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina og aðra þjónustu við viðskiptavini. Fjármálasvið Íslandsbanka mun sjá um útreikning á innlausnarvirði og viðhalda skrár yfir eigendur hlutdeildarskírteina og uppgjör viðskipta.

Einnig sér Íslandsbanki um innheimtu umsýonarlauna og vörsluþóknunar fyrir sjóðinn. Svið Regluvörslu og Innri endurskoðunar Íslandsbanka sinnir jafnframt ákveðnum eftirlitsþáttum fyrir félagið á grundvelli útvistunarsamninga.

Íslandsbanki er fjármálafyrirtæki skv. lögum nr. 161/2002. Meginstarfsemi bankans er viðskiptabankastarfsemi til einstaklinga og fyrirtækja, lánveitingar og þjónusta við stærri fyrirtæki, eignafjármögnun, fjárfestingarþjónusta og fjárfestingarstarfsemi og eignastýring. Bankinn er undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Íslandssjóðir eru í eigu Íslandsbanka. Hagsmunaárekstrar geta hugsanlega komið upp þegar fjármálafyrirtæki og/eða starfsmenn þess þjóna hagsmunum tveggja eða fleiri aðila og eru í aðstöðu til að láta einn aðila í betri aðstöðu á kostnað annars aðila. Í starfsemi fjármálafyrirtækja geta t.d. skapast kringumstæður þar sem hagsmunir viðskiptavinar, starfsmanna, fjármálafyrirtækisins eða sjóðs eru ekki þeir sömu. Íslandssjóðum og Íslandsbanka er skylt að grípa til allra sanngjarnra ráðstafana til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar skaði hagsmuni viðskiptavina Íslandssjóða. Dregið er verulega úr hættu á hagsmunaárekstrum með greiningu hagsmunaárekstra og virku eftirliti. Þjónusta útvistunaraðila er yfirfarin reglulega með endurskoðun útvistunarsamninga.

Útvistun Íslandssjóða á verkefnum hefur ekki áhrif á skyldur eða ábyrgð Íslandssjóða gagnvart verðbréfasjóði eða hlutdeildarskréteinishöfum.

### Forsvarsmenn Íslandssjóða

Stjórnarmenn:	Jensína Kristín Böðvarsdóttir, kt. 190369-4049, BA í auglýsingafræði, MBA. Kristján Björgvinsson, kt. 090664-3019, viðskiptafræðingur, M.Sc. í fjármálum. Sigurður B. Stefánsson, kt. 250247-4949, Ph.D. í hagfræði. Sylvía Kristín Ólafsdóttir, kt. 151280-4129, BS í iðnaðarverkfræði, M.Sc. í aðgerðarannsóknnum.
Varamenn:	Steinunn Bjarnadóttir, kt. 050856-2169, rekstrarfræðingur. Hólmfríður Einarsdóttir, kt. 030972-2959, B.Sc. Business and International Marketing.
Framkvæmdastjóri:	Kjartan Smári Höskuldsson, kt. 220380-4169, BA í sálfræði, MA í alþjóðaviðskiptum.

### Endurskoðendur Íslandssjóða og sjóðsins

Endurskoðendur félagsins og sjóðsins eru KPMG ehf., kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík. Skyldur endurskoðenda eru m.a. óháð endurskoðun árs- og árshlutareikninga og framkvæmd könnunaraðgerða í tengslum við reikningana.

### VÖRSLUAÐILI

Samkvæmt 43. gr. laga nr. 116/2021 skal rekstrarfélag tryggja að fyrir sérhvern verðbréfasjóð sem það rekur sé skipaður einn vörsluaðili. Vörsluaðili sjóðsins er Íslandsbanki, kt. 491008-0160, Hagasmára 3, 201 Kópavogi. Íslandsbanki er fjármálafyrirtæki skv. lögum nr. 161/2002. Meginstarfsemi bankans er viðskiptabankastarfsemi til einstaklinga og fyrirtækja, lánveitingar og þjónusta við stærri fyrirtæki, eignafjármögnun, fjárfestingarþjónusta og fjárfestingarstarfsemi og eignastýring. Ekki verður skipt um vörsluaðila nema fyrir liggja samþykki stjórnar Íslandssjóða og samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Skyldur vörsluaðila felast m.a. í því að vakta sjóðstreymi sjóðs, tryggja að allir fjármunir séu lagðir inn á reikninga sjóðsins, varðveita alla fjármálagerninga sjóðs, tryggja aðgreiningu á varðveislu fjármálagerninga sjóðsins frá öðrum og að vörslureikningar séu í nafni sjóðsins svo að ávallt sé unnt að auðkenna að fjármálagerningar tilheyri sjóðnum. Jafnframt ber vörsluaðila að tryggja að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn og ógilding hlutdeildarskréteina fari samkvæmt lögum og reglum hluteigandi sjóðs, framfylgja fyrirmælum rekstrarfélags nema þau séu í andstöðu við lög og reglur sjóðs, tryggja að í viðskiptum með eignir verðbréfasjóðs sé endurgjald fyrir þær innt af hendi innan eðlilegra tímamarka og að tekjur verðbréfasjóðs séu notaðar í samræmi við lög og reglur sjóðsins.



Vörsluaðili ber ábyrgð gagnvart sjóðnum og fjárfestum hans á því þegar fjármálagerningur í vörslu hans glatast. Vörsluaðili ber jafnframt ábyrgð á öðru tjóni sem hann af ásetningi eða af gáleysi veldur sjóðnum eða fjárfestum hans við framfylgd verkefna sinna. Beri vörsluaðili bótaábyrgð gagnvart fjárfesti í sjóðnum getur bótakröfu fjárfestis verið beint að vörsluaðila af hálfu sjóðsins eða rekstraraðila fyrir hans hönd.

Vörsluaðila er óheimilt að sinna verkefnum sem kunna að valda hagsmunaárekstrum á milli hans, sjóðsins, eigenda hlutdeildarskírteina eða Íslandssjóða nema vörsluaðili hafi með tilhlýðilegum hætti aðskilið framkvæmd og ábyrgð vörsluverkefna sinna frá öðrum verkefnum sem kunna að valda hagsmunaárekstrum og að þeir mögulegu hagsmunaárekstrar séu greindir og vaktaðir og fjárfestar upplýstir um þá.

## SFDR FLOKKUN OG SAMÞÆTTING SJÁLFBÆRNIÁHÆTTU Í FJÁRFESTINGARÁKVÖRÐUNARTÖKUFERLI

Sjóðurinn er flokkaður sem 6. gr. sjóður samkvæmt reglugerð ESB nr. 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (hér eftir „SFDR“), sbr. lög nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar.

Fjárfestingar sjóðsins taka ekki tillit til viðmiðana ESB fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi. Sjóðurinn tekur að svo stöddu ekki tillit til neikvæðra áhrifa af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti. Ástæða þess er að sjóðurinn er hvorki með sjálfbæra fjárfestingu sem sérstakt fjárfestingarmarkmið né sérstakt markmið um að efla umhverfis- eða félagslega þætti. Íslandssjóðir munu endurmeta árlega hvort sjóðurinn skuli taka tillit til neikvæðra áhrifa af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti.

Sjálfbærniáhætta er samþættuð í fjárfestingarákvörðunarferli sjóðsins samhliða hefðbundinni fjárfestingaráhættu (s.s. markaðsáhættu, seljanleikaáhættu, vaxtaáhættu eða lausafjáraáhættu) og er hluti af heildstæðu áhættumati vegna fjárfestinga. Sjálfbærniáhætta getur haft veruleg áhrif á hefðbundna fjárfestingaráhættu og þar með verið mikilvægur þáttur af fjárfestingaráhættunni. Vægi sjálfbærniáhættu, eitt og sér, getur þó verið slíkt að það myndi ekki koma í veg fyrir tiltekna fjárfestingu en getur skipt máli við ákvörðun á heildaráhættumati og þýðingu þess. Sjóðurinn fylgir auk þess stefnu Íslandssjóða um ábyrgar fjárfestingar og tekið er tillit til umhverfisþátta, félagslegra þátta og stjórnhátta þegar tekin er ákvörðun um fjárfestingar. Stefna Íslandssjóða um hvernig sjálfbærniáhætta fellur inn í fjárfestingarákvörðunarferli og stefna Íslandssjóða um ábyrgar fjárfestingar eru aðgengilegar á heimasíðu Íslandssjóða á eftirfarandi slóð: <https://www.islandssjodir.is/um-islandssjodi/abyrgar-fjarfestingar/>

## ÁHÆTTA

### Almenn áhætta tengd sjóðnum

Fjárfesting í fjármálagerningum felur ætíð í sér áhættu. Fjárfesting í sjóði eins og IS Eignasafni sem fjárfestir mestmegnis í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu getur þó verið áhættuminni en fjárfesting í sjóði sem fjárfestir eingöngu beint í einstökum hlutabréfum og skuldabréfum þar sem áhættudreifing sjóða er að jafnaði meiri.

Sjóðurinn leitast við að dreifa fjárfestingum sínum þannig að það dragi úr sveiflum á gengi sjóðsins vegna markaðsaðstæðna. Fjárfesting í sjóðnum felur þó ávallt í sér áhættu. Gengi sjóðsins getur lækkað jafnt sem hækkað. Gengi og ávöxtun sjóðsins er háð þróun á hlutabréfa- og skuldabréfamörkuðum. Einstakir útgefendur fjármálagerninga sem sjóðurinn er eigandi að geta orðið gjaldþrota og geta ekki greitt sjóðnum skuldir sínar. Einnig er gengi og ávöxtun sjóðsins háð þróun markaðsvaxta, því ef vextir hækka, falla skuldabréf með föstum vöxtum í verði. Fjárfesting í sjóði um sameiginlega fjárfestingu er að jafnaði áhættuminni en fjárfesting í einstökum verðbréfum. Rétt er þó að hafa það hugfast að áhætta fylgir fjárfestingum í verðbréfasjóðum, þannig getur eignarhlutdeild í verðbréfasjóði rýrnað, aukist eða staðið í stað, allt eftir þróun á markaðsverði þeirra

fjármálagerninga sem sjóðurinn fjárfestir í. Áhætta vegna fjárfestinga sjóðsins í afleiðum er óveruleg, þar sem umreiknuð heildaráhætta afleiðna má að hámarki nema 10% af innra virði sjóðsins. Áhættustig sjóðsins er birt í lykilupplýsingaskjali sjóðsins.

### Áhættuþættir sem hafa áhrif á verðmæti eignarhlutar í sjóðnum

- a) **Markaðsáhætta** – Markaðsáhætta er almenn áhætta sem fylgir allri fjárfestingu, þ.e. verðgildi ákveðinnar fjárfestingar getur breyst til hins verra miðað við hagsmuni sjóðsins. Ef verð á markaði lækkar þá veldur það lækkun á eignum sjóðsins. Margvísleg atvik geta valdið verðlækkun á markaði. Meðal þeirra þátta sem hafa mikil áhrif eru breytingar á framboði og eftirspurn, þar sem markaðsverð eigna sjóðsins ákvarðast m.a. af því hvar framboð og eftirspurn mætast.
- b) **Seljanleikaáhætta / lausafjárahætta** – Ávallt er fyrir hendi sú áhætta að ekki sé unnt að selja fjármálagerninga þegar nauðsynlegt er að selja til að mæta innlausnum eða til að bregðast við breyttum aðstæðum á markaði. Áhættan felst í því að markaðurinn hvorki kaupir né selur það magn fjármálagerninga né á því verði sem til stendur að selja á þar sem t.d. kaupendur eru fáir eða ekki til staðar.
- c) **Vaxtaáhætta** – Verðbréfasjóður þar sem samsetning eigna er að stórum hluta í skuldabréfum eða sjóðum sem fjárfesta í skuldabréfum hefur í sér fóligna vaxtaáhattu þar sem breytingar á vöxtum hafa áhrif á verðmyndun skuldabréfa. Hækki vextir á markaði, lækkar að jafnaði verð skuldabréfa á markaði.
- d) **Mótaðila og greiðsluáhætta** – Hættan á tapi sjóðsins sökum þess að mótaðili viðskipta stendur ekki við skuldbindingar sínar áður en lokauppgjör sjóðstreymis viðskiptanna á sér stað.
- e) **Verðbólguáhætta** – Sjóðurinn hefur heimild til að fjárfesta að hluta til í verðtryggðum skuldabréfum eða skuldabréfasjóðum. Verðtrygging skuldabréfaeignar sjóðsins lágmarkar þá áhættu sem fólgin er í hækkandi verðbólgu, en telja má að hættan á verðhjöðnun til lengri tíma sé óveruleg.
- f) **Ytri aðstæður** – Ýmis atvik, svo sem ófyrirséðir atburðir og almennt efnahagsástand geta haft áhrif á verðmyndun á verðbréfamarkaði. Einnig getur ný eða breytt löggjöf Alþingis, reglur eða reglugerðir sem stjórnvöld setja og skyndilegar breytingar á viðskiptaháttum haft veruleg áhrif á eignarhluti verðbréfasjóða.
- g) **Uppgjörsáhætta** – Sú áhætta að greiðsla í greiðslukerfi gerist ekki upp með sama hætti og vænst var til, vegna þess að mótaðili greiðir eða afhendir ekki á réttum tíma.
- h) **Áhætta vegna eignatengsla hlutafélaga á markaði** – Íslenskur verðbréfamarkaður er smár í sniðum og á síðustu misserum hefur átt sér stað talsverð samþjöppun á markaði. Því fylgir að kaupendur og seljendur einstakra verðbréfa eru oft fáir og af þeim sökum getur verðmyndun á markaði orðið ógegnsæ og óvirkari en gerast myndi á stærri mörkuðum þar sem kaupendur og seljendur eru margir og dreifðir. Einnig geta eignatengsl verið á milli útgefanda hlutabréfa sem getur leitt til þess að greiðslufall einstakra útgefanda hefur víðtækari áhrif en annars myndi verða. Alþjóðlegir verðbréfamarkaðir eru stórir í sniðum miðað við íslenska hlutabréfamarkaðinn. Engu að síður er ekki hægt að útiloka að eignatengsl félaga á erlendum mörkuðum geti haft áhrif á verðmyndun verðbréfa á viðkomandi markaði. Eignatengsl geta að sama skapi verið á milli útgefanda verðbréfa sem getur leitt til þess að vandamál eða erfiðleikar einstakra félaga hafi víðtækari áhrif en annars myndi verða.
- i) **Landsbundin áhætta** – Sú áhætta sem bundin er við landssvæði getur einnig skapað óvissu um ytri aðstæður, s.s. skattareglur breytist, stjórn málaástand, hryðjuverk, styrjaldir, náttúruhamfarir, farsóttir og aðrar álíka aðstæður geta skapað óvissu.
- j) **Vörsluáhætta** – Sú áhætta sem er fólgin í því að eignir í vörslu geta tapast vegna gjaldþrots, vanrækslu eða sviksamlegra athafna að hálfu vörsluaðila.

- k) Gjaldmiðlaáhætta** – Sjóðurinn fjárfestir að hluta til í fjármálagerningum sem skráðir eru í erlendri mynt. Gengi gjaldmiðla sveiflast og fjármálagerningar sem skráðir eru í erlendri mynt bera því með sér gjaldeyrisáhættu. Vegna gengisbreytinga getur því myndast hagnaður eða tap þótt virði undirliggjandi fjármálagernings í þeirri mynt sem hann er skráður í breytist ekki.
- l) Áhætta tengd notkun afleiðna** - Sjóðnum er heimilt að nota afleiður í þeim tilgangi að ná fram skilvirki stýringu eigna sjóðsins og lágmarka áhættu hans, t.d. til að fastsetja hagnað eða til að festa verð á fjármálagerningum vegna fyrirsjáanlegra innlausna hlutdeildarskírteina. Notkun afleiðna þarf ávallt vera í samræmi við fjárfestingarstefnu og markmið sjóðsins. Helstu tegundir afleiðna sem sjóðnum er heimilt að nota eru framvirkir samningar, þar sem fjármálagerningar eru keypir eða seldir framvirkt. Með framvirkum samningi skuldbindur sjóðurinn sig til að eiga viðskipti með undirliggjandi eign á ákveðnu verði í framtíðinni. Í framvirkum samningi felst markaðsáhætta og mótaðilaáhætta sem farið er yfir hér að framan. Sjóðnum er heimilt að eiga viðskipti með afleiður við gagnaðila sem lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Með vísan til 5. og 6. tl. 2. mgr. 64. gr. laga nr. 116/2021 er sjóðnum heimilt að eiga viðskipti með skráðar og óskráðar afleiður, enda sé hægt að reikna verðmæti slíkra samninga daglega og einnig skal vera hægt að eiga viðskipti með slíka samninga á raunvirði hverju sinni. Sjóðurinn notar einfalda aðferðarfræði við beitingu afleiðna. Með því er átt við að afleiðustaða sjóðsins er umbreytt í samsvarandi stöðu í þeim undirliggjandi eignum sem felast í viðkomandi afleiðum. Tekið er mið af áhættu eignasafns sjóðsins í heild sinni þ.e. brúttó.
- m) Áhætta tengd sjálfbærni** - Atburður eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarháttá (UFS) sem gæti, ef hann gerist, haft raunveruleg eða hugsanlega veruleg neikvæð áhrif á virði fjárfestingarinnar. Þó að sjálfbærniáhætta sé kortlögð, afmörkuð og vöktuð í fjárfestingarferlinu geta fjölmargir þættir haft áhrif á bæði líkur og áhrif sjálfbærniáhættu á ávöxtun sjóðs eða eignasafns, til dæmis getur:
- Sjálfbærniáhætta oft verið flókin, þverfagleg og samtengd og því getur verið erfitt að meta áhættuna í heild sinni.
  - Verið erfitt að mæla sjálfbærniáhættu og er áhættan í eðli sínu til langtíma, og líkurnar á að hún raungerist er háð m.a. fjárfestingartíma.
  - Sjálfbærniáhætta, svo sem áhætta vegna loftlagsbreytinga, pólitískra aðgerða, samfélagslegra væntinga, eftirspurnar neytenda eða tækniþróunar, verið knúin áfram af þróun á heimsvísu og er því bæði stór að umfangi og stærðargráðu eða getur gerst á ófyrirséðum hraða, sem endurspeglast kannski ekki að fullu þegar fjárfestingarákvarðanir eru teknar.
  - Skortur á UFS stöðluðum gögnum leitt af sér erfiðleika við að kortleggja alla sjálfbærniáhættu eða að fjárfestingarákvarðanir geti byggst á röngum forsendum vegna gagnaskorts.
  - Áhættumat á sjálfbærni verið ónákvæmt, sem getur valdið því að sjóður kaupir fjárfestingar sem eru útsettar fyrir meiri sjálfbærniáhættu en búist var við, eða missir af fjárfestingartækifærum eða kaupir/selur fjárfestingar á óákjósanlegum tíma.
  - Útilokun tiltekinna geira eða fjármálagerninga dregið úr sjálfbærniáhættu sjóðsins, en aftur á móti geta slíkar útilokanir aukið samþjöppunarhættu í sjóðnum sem getur leitt til meiri sveiflna og aukinni hættu á tapi.

## ÁRANGUR SJÓÐSINS OG AÐRAR UPPLÝSINGAR


### Fyrri árangur sjóðsins

Fyrri árangur er ekki áreiðanleg vísending um árangur í framtíðinni. Markaðir gætu átt eftir að þróast með allt öðrum hætti í framtíðinni.

Súluritið að neðan sýnir árangur sjóðsins (hagnað/tap) í prósentum á ári síðustu 10 ár. Það getur hjálpað þér að meta hvernig sjóðnum hefur áður verið stjórnað.

Árangur er sýndur eftir að viðvarandi gjöld hafa verið dregin frá. Sérhver inn- og útgöngugjöld eru undanskilin frá útreikningnum.

Sjóðurinn var stofnaður í maí 2009.



### Fyrir hvern er sjóðurinn?

Sjóðurinn hentar fjárfestum sem vilja ávaxta fé í þrjú ár eða lengur og þola nokkrar verðsveiflur. Sjóðurinn fjárfestir að stærstum hluta í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Sjóðurinn fjárfestir einnig beint í innlendum og erlendum skuldabréfum og innlendum og erlendum hlutabréfum. Áhættudreifing í sjóðnum er því góð, en alltaf má búast við tímabundnum eða langvarandi lækkunum. Þróun síðustu ára sýnir að verð á innlendum og erlendum hlutabréfum sveiflast mikið og niðursveiflur geta verið langar. Upplýsingar um áhættustig sjóðsins er birt í lykilupplýsingaskjali sjóðsins. Upplýsingar um eignasamsetningu sjóðsins hverju sinni er að finna í upplýsingablaði sjóðsins.

### Stefna um framkvæmd viðskiptafyrirmæla

Íslandssjóðir hafa sett sér stefnu um framkvæmd viðskiptafyrirmæla sjóða í rekstri félagsins. Í stefnunni er að finna lista yfir aðila sem koma má pöntunum til. Stefnan er aðgengileg fjárfestum á vefsíðu félagsins, [www.islandssjodir.is](http://www.islandssjodir.is).

## REGLUR FYRIR IS EIGNASAFN HS.

### I. kafli: Heiti, tegund, deildaskipting og hlutverk

#### 1. grein

Sjóðurinn heitir **IS Eignasafn hs.**, kt. 420609-9730 og starfar í einni sjóðsdeild. Sjóðurinn er verðbréfasjóður og er rekinn í formi hlutdeildarsjóðs. Sjóðurinn starfar skv. lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og sækir fjárfestingarheimildir í IX. kafla fyrrnefndra laga.

### II. kafli: Rekstrarfélag

#### 2. grein

Íslandssjóðir hf., kt. 690694-2719, Hagasmára 3, 201 Kópavogi, er rekstrarfélag sjóðsins skv. lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði.

Ekki verður skipt um rekstrarfélag nema fyrir liggja samþykki stjórnar Íslandssjóða hf. og staðfesting Fjármálaeftirlitsins á breytingum reglna sjóðsins þess efnis og svo framarlega sem að nýtt rekstrarfélag sjóðsins sé með starfsleyfi sem slíkt í skilningi laga nr. 116/2021. Tilkynna skal hlutdeildarskírteinis höfum ef breyting verður á rekstrarfélagi sjóðsins í samræmi við 13. gr. reglna þessara.

### III. kafli: Markmið, fjárfestingarstefna og fjárfestingaraðferð

#### 3. grein

**Markmið** sjóðsins er langtímaávöxtun með fjárfestingum í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða (UCITS-sjóðir) og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem fjárfesta í innlendum og erlendum skuldabréfum og innlendum og erlendum hlutabréfum, þ.m.t. heimildarskírteinum vegna hlutabréfa eða öðrum fjármálagerningum tengdum verðbréfum. Sjóðnum er jafnframt heimilt að fjárfesta beint í innlendum og erlendum skulda- og hlutabréfum og innlánnum innlendra lánastofnana. Fjármálagerningar sem sjóðurinn fjárfestir í skulu vera gefnir út á Íslandi, innan EES, Bretlandi eða í Norður-Ameríku. Stýring sjóðsins byggir á markvissri eignaráðstöfun (e. tactical asset allocation) með tíðri aðlögun eignasamsetningar og virku vali á sjóðum og verðbréfum, jafnt innlendum sem erlendum.

**Fjárfestingarstefna og aðferð:** Fjárfestingar sjóðsins eru takmarkaðar við eftirfarandi heimildir samkvæmt ákvæðum laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og sundurliðun fjárfestinga samkvæmt neðangreindri töflu.

- Hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða sem fjárfesta á innlendum og erlendum skulda- og hlutabréfabréfamörkuðum eða öðrum fjármálagerningum tengdum verðbréfum, sbr. 3. tl. 2. mgr. 64. gr. laganna.
- Hlutdeildarskírteinum eða hlutum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem fjárfesta á innlendum og erlendum skulda- og hlutabréfamörkuðum eða öðrum fjármálagerningum tengdum verðbréfum og sem uppfylla skilyrði a. – d. liðar 3. tl. 2. mgr. 64. gr. laganna.
- Skuldabréf, innlend og erlend, sem hafa verið skráð eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði eða uppfylla önnur skilyrði 1. tl. 2. mgr. 64. gr. laga nr. 116/2021. Heimildin nær einnig yfir nýútgefin verðbréf enda sé í skilmálum vegna útgáfu þeirra skuldbinding um að sótt verði um skráningu verðbréfanna eigi síðar en innan árs frá útgáfu þeirra, sbr. 2. tl. 2. mgr. 64. laganna.

- Hlutabréf, þ.m.t. heimildarskírteini vegna hlutabréfa, innlend og erlend, sem hafa verið skráð eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði eða uppfylla önnur skilyrði 1. tl. 2. mgr. 64. gr. laga nr. 116/2021. Heimildin nær einnig yfir nýútgefin verðbréf enda sé í skilmálum vegna útgáfu þeirra skuldbinding um að sótt verði um skráningu verðbréfa eigi síðar en innan árs frá útgáfu þeirra, sbr. 2. tl. 2. mgr. 64. laganna.
- Innlán hjá innlendum lánastofnunum, sbr. 4. tl. 2. mgr. 64. gr. laganna.
- Um háþörk á tegundir fjárfestinga sjóðsins til að lágmarka mótaðilahættu í varfærnissskyni gilda ákvæði 67. gr., 71. gr. og 72. gr. laganna.

Sjóðnum er heimilt að festa það fé, sem hann nýtir til fjárfestinga í hlutdeildarskírteinum sjóða, að hluta eða öllu leyti í sjóðum í rekstri Íslandssjóða.

Sjóðnum er heimilt, skv. 3. mgr. 64. gr. laganna að binda eignir sínar í innlánnum eða auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstýringar eða með hagsmunum hlutdeildarskírteinishafa fyrir augum. Jafnframt er sjóðnum er heimilt, sbr. 2. mgr. 73. gr laganna, að taka skammtímalán til að mæta innlausnum en slík lán mega ekki nema meira en 10% af eignum sjóðsins. Sjóðnum er óheimilt að taka önnur lán til að fjárfesta í fjármálagerningum og óheimilt að skortselja fjármálagerninga.

Traust verðbréf: Á grundvelli 70. greinar laga nr. 116/2021 hefur Fjármálaeftirlitið heimilað sjóðnum að fjárfesta allt að 50% eigna sinna í skuldabréfum útgefnum af ríkissjóði Íslands eða með ábyrgð hans, enda talið að það samrýmist hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteina. Fjárfestingar sjóðsins samkvæmt þessari grein skulu dreifast á að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaútgáfur og má fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum sjóðsins.

Afleiður: Sjóðnum er heimilt að beita fjárfestingaraðferðum sem snúa að framseljanlegum verðbréfum, í formi afleiðna, í þeim tilgangi að ná fram skilvirkri stýringu eigna sjóðsins og lágmarka áhættu. Slíkar fjárfestingaraðferðir skulu ávallt vera í samræmi við fjárfestingarstefnu og markmið sjóðsins, sbr. 3. mgr. 66. gr. laganna. Ákvæði laganna sem snúa að notkun afleiðna gilda um afleiðuna. Fjárfestingaraðferðirnar verða einungis nýttar til að ná fram skilvirkri stýringu, s.s. að fastsetja hagnað eða lágmarka áhættu sjóðsins og því þykir ekki ástæða til þess að sundurliða sérstaklega heimildir vegna þeirra. Heildaráhætta vegna afleiðna skal að hámarki nema 10% af innra virði sjóðsins.

Sérstakar fjárfestingartakmarkanir. Sjóðurinn má á hverjum tíma vera með að hámarki 60% af eignum sínum í erlendum fjármálagerningum, hvort sem litið er til fjárfestinga í einstökum verðbréfum eða fjárfestinga í hlutdeildarskírteinum sjóða. Að auki þá má sjóðurinn að hámarki hafa 40% af eignum sínum í hlutabréfum, hvort sem litið er til fjárfestinga í einstökum hlutabréfum eða fjárfestinga í hlutdeildarskírteinum sjóða.

### Sundurliðun fjárfestinga

Eignaflokkar	Lágmark %	Hámark %
Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða (UCITS-sjóðir)	10	70
Skuldabréf	0	50
Innlán lánastofnana	0	50
Hlutabréf og heimildarskírteini vegna hlutabréfa	0	40
Hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	0	30

#### IV. kafli: Vörsluaðili

##### 4. grein

Íslandsbanki hf., kt. 491008-0160, Hagasmára 3, 201 Kópavogi er vörsluaðili sjóðsins sbr. VI. kafla laga nr. 116/2021 og sér um varðveislu og umsjá fjármálagerninga sjóðsins samkvæmt samkomulagi þar um. Ekki verður skipt um vörsluaðila nema fyrir liggja samþykki stjórnar Íslandssjóða hf. á breytingum reglna sjóðsins þess efnis og samþykki Fjármálaeftirlitsins. Tilkynna skal hlutdeildarskírteinishöfum ef breyting verður á vörsluaðila sjóðsins í samræmi við 13. gr. reglna þessara.

#### V. kafli: Þóknun rekstraraðila

##### 5. grein

Umsjónarlaun til Íslandssjóða hf. fyrir rekstur sjóðsins er að hámarki ákveðinn hundradshluti á ári og reiknast af meðalstöðu eigna. Hlutfall umsjónarlauna miðast við heilt ár, en umsjónarlaun eru reiknuð daglega af meðalstöðu eigna inn í gengi sjóðsins.

Umsjónarlaun til Íslandssjóða hf. fyrir rekstur sjóðsins er að hámarki 0,5% á ári og reiknast af meðalstöðu eigna sjóðsins.

Beinn útlagður kostnaður vegna reksturs sjóðsins er ekki innifalinn í umsjónarlaunum og sama á við um kostnað vegna Fjármálaeftirlits. Íslandssjóðir hf. geta krafist sjóðinn um endurgreiðslu kostnaðar svo sem vegna fjármálakerfa, annarra en eignastýringarkerfis, áskriftar að verðbréfavísitölum, hugbúnaðar, endurskoðunar, aðkeyprtar lögfræðipjónustu, kostnaðar við prentun útboðslýsinga, ársreikninga o.fl. Kostnaðurinn er reiknaður inn í gengi sjóðsins.

Íslandssjóðum er heimilt að gera skriflega samninga sem veita tilteknum lögaðilum sem fjárfesta í sjóðnum, s.s. lífeyrissjóðum og umsjónaraðilum séreignasparnaðar, afslátt af umsjónarlaunum sjóðsins.

#### VI. kafli: Heimild til markaðssetningar sjóðsins

##### 6. grein

IS Eignasafn er verðbréfasjóður samkvæmt 26. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og hefur aðeins heimild til markaðssetningar á Íslandi.

#### VII. kafli: Ráðstöfun tekna, útgáfa, innlausnarvirði og innlausn

##### 7. grein

Hlutdeildarskírteinishafar eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins í hlutfalli við hlutdeild sína.

Íslandssjóðir hf. gefa út skilríki fyrir eignarréttindum í sjóðnum í formi hlutdeildarskírteina, óski eigandi eftir því, sem eru staðfesting á tilkalli til verðbréfaeignar sjóðsins sbr. 1. og 2. mgr. 39. gr. laga 116/2021.

##### 8. grein

Íslandssjóðum hf. er skylt að innleysa hlutdeildarskírteini sjóðsins að öllu leyti (full innlausn) eða að hluta (hlutainnlausn), óski eigandi þess, á auglýstu innlausnarvirði í sjóðnum. Nær innlausnarskyldan til allra hlutdeildarskírteina í sjóðnum, óháð því hvenær þau hafa verið gefin út. Eigandi hlutdeildarskírteinis getur krafist innlausnar



hvenær sem hann óskar þess. Þó er heimilt að fresta innlausn hlutdeildarskírteina mæli sérstakar ástæður með því og sameiginlegir hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjist þess. Frestun gæti til dæmis komið til vegna tímabundinnar lokunar kauphallar þar sem verulegur hluti eigna sjóðs er skráður þannig að ekki reynist unnt að staðreyna innlausnarvirði hlutdeildarskírteina. Einnig gæti sjóður staðið frammi fyrir svo miklum kröfum um innlausn að ekki væri unnt að mæta þeim nema með sölu eigna á lengri tíma. Frestun skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina. Frestun skal ekki vara lengur en nauðsyn krefur og skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu og hlutdeildarskírteinishöfum og tekur gildi við sendingu tilkynningar. Frestun skal jafnframt auglýst opinberlega á heimasíðu Íslandssjóða. Að öðru leyti gilda ákvæði 2. og 4. mgr. 61. gr. laga nr. 116/2021 um frestun innlausnar.

Við kaup á hlutum í sjóðnum er gefin út bráðabirgðakvittun sem einungis tilgreinir þá fjárhæð sem keypt er fyrir, enda er sölugengi ekki þekkt fyrir en einum virkum degi eftir að kaupin áttu sér stað, sama á við þegar selt er í sjóðnum. Uppgjör viðskipta með IS Eignasafn eru á (T+2). Nánari upplýsingar um tilhögun viðskipta og viðmiðunartíma viðskipta er að finna í útboðslýsingu.

#### 9. grein

Sjóðurinn er vaxtarsjóður, þ.e. ekki arðgreiðslusjóður. Tekjur af sjóðnum verða endurfjárfestar og endurspeglast í verði hlutdeildarskírteina.

#### 10. grein

Innra virði sjóðsins er markaðsvirði samanlagðra eigna sjóðsins að frádregnum skuldum sjóðsins, svo sem við lánastofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum. Virði (gengi) hlutdeildarskírteina er innra virði sjóðsins deilt niður á heildarfjölda hlutdeildarskírteina. Virði hlutdeildarskírteina sjóðsins er reiknað daglega á virkum dögum og birtist daglega á vef Íslandssjóða.

### VIII. kafli: Samruni, slit, breyting á reglum

#### 11. grein

Sjóðurinn verður ekki sameinaður öðrum verðbréfasjóði nema að fyrir liggja samþykki stjórnar Íslandssjóða hf. og í kjölfarið að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins hvað varðar innlendan samruna og að fengnu samþykki lögbærs yfirvalds samrunasjóðs ef um millilandasamruna sé að ræða. Varðandi hvernig staðið skuli að samruna sjóðsins við aðra verðbréfasjóði þá gilda ákvæði X. Kafla laga nr. 116/2021, um verðbréfasjóði, þar sem m.a. er kveðið á um umsókn um heimild til samruna, samrunaáætlun samrunasjóðs og yfirtökusjóðs, staðfestingu vörsluaðila, viðmiðanir við mat á eignum, upplýsingar til hlutdeildarskírteinishafa, réttindi hlutdeildarskírteinishafa, kostnað við samruna, gildistöku samruna, áhrif samruna o.fl.

#### 12. grein

Sjóðnum verður ekki slitið nema að fyrir liggja samþykki stjórnar Íslandssjóða hf. á breytingum reglna sjóðsins þess efnis. Komi til slita sjóðsins skal koma eignum sjóðsins í verð með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa að leiðarljósi og deila niður hreinum afrakstri af slíkum slitum, að frádregnum öllum kostnaði þeim tengdum, á hlutdeildarskírteinishafa í réttu hlutfalli við fjölda hluta í eigu þeirra. Íslandssjóðum er heimilt að deila niður eignum sjóðsins í heild eða að hluta til með framsali á verðbréfum til hlutdeildarskírteinishafa á sanngjarnan hátt (*e. in kind*). Að þessu loknu skal endurskoðandi staðfesta skiptingu eigna. Afrakstur uppgjörs sjóðsins sem er ógreiddur eftir lok skiptameðferðar, skal falinn vörsluaðila til vörslu.

Tilkynna skal um slit sérhverjum hlutdeildarskírteinishafa bréfleiðis eða með rafrænum hætti. Einnig er heimilt að birta tilkynninguna í dagblöðum og á vefsíðu Íslandssjóða. Tilkynning skal meðal annars hafa að geyma ákvæði um



skilmála slita og fyrirhugaða dagsetningu gildistöku slitanna. Tilkynna skal um slit sjóðsins til Fjármálaeftirlitsins, sbr. 13. gr. reglna þessara.

### 13. grein

Stjórn Íslandssjóða hf. setur reglur þessar og getur breytt þeim á lögmætum stjórnarfundum ef meirihluti stjórnarmanna er samþykktur. Breytingar á reglum sjóðsins öðlast gildi að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins. Breytingarnar skulu tilkynntar eigendum með bréfi eða með rafrænum hætti.

Kópavogur, 8. apríl 2025.

Stjórn Íslandssjóða hf.

Jensína Kristín Bóðvarsdóttir

Kristján Björgvinsson

Sigurður B. Stefánsson

Sylvía Kristín Ólafsdóttir